

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn í fundarsal í Krossmóa, miðvikudaginn 26. maí 2021.

Dagskrá.

1. Stefán Ólafsson formaður félagsins setti fundinn kl. 20:00 og bauð fundarmenn velkomna. Aðalfundi félagsins sem halda á í apríl ár hvert hafði verið frestað vegna samkomutakmarkanna. Á fundinum eru 41 félagsmenn.
2. Kosning fundarstjóra og ritara.  
Stungið var uppá Kjartani Fr. Adólfssyni sem fundarstjóra og Höllu Þórhallsdóttur sem ritara og var það samþykkt.
3. Skýrsla stjórnar.  
Formaður las skýrslu stjórnar. Haldnir voru 6 fundir á árinu og þar af voru 2 fjarfundir. Staðan á orlofshúsum félagsins er mjög góð og húsunum hefur verið haldið vel við. Nýtingin hefur verið mjög góð nema á orlofshúsinu á Spáni sem er vegna Covid faraldursins. Stytting vinnuvikunnar hefur verið fyrirferðamikil og mismikil ánægja félagsmanna með framkvæmdina.  
Félagsmannasjóðnum Kötlu var úthlutað í apríl, en stefnt er að því að vera með aukaúthlutun í haust fyrir þá sem áttu rétt til úthlutunar en sóttu ekki um. Töluverð vinna var hjá starfsmönnum skrifstofu vegna úthlutunar úr þessum sjóð.  
Rétt þykir að taka fram að ríkisstarfsmenn eru ekki aðilar að Kötlu félagsmannasjóði. Á árinu hefur verið hefðbundið samstaf en fundir hafa verið haldnir í fjarfundaformi þetta árið. Þrjú stór mál hafa verið í vinnslu fyrir félagsmenn þar sem félagið hefur þurft að leita lögfræðiaðstoðar.
4. Reikningar félagsins.  
Kjartan fór yfir reikninga félagsins í forföllum fyrir Lilju D. Karlsdóttur frá KPMG. Reikningar félagssins verða aðgengilegir á heimasíðu STFS. Reikningar félagsins lagðir fram og þeir samþykktir.
5. Lagabreytingar.  
Engar lagabreytingar komu fram.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 6. grein.  
Í kjöri eru formaður og tveir meðstjórnendur til tveggja ára og tveir varamenn til eins árs.

Í framboði til stjórnar voru Kjartan Fr. Adólfsson og Trausti Björgvinsson. Engin önnur framboð komu fram til stjórnar og eru þeir því sjálfkjörnir.

Í framboði til formanns voru Ástríður Sigbórsdóttir og Stefán Ólafsson.

Gengið var til kosninga og niðurstaðan var:

Ástríður Sigbórsdóttir hlaut 28 atkvæði

Stefán Ólafsson hlaut 13 atkvæði.

Ástríður Sigbórsdóttir er því réttkjörin formaður.

Á fundinum komu fram framboð í varastjórn til eins árs og í varastjórn félagsins verða:

Guðrún Skagfjörð og Ólafur Guðmundsson.

Áður en gengið var til kosninga kom fram ósk um að greiða atkvæði með umboði frá fjarverandi félagsmönnum. Ekki var talið að lög félagsins heimiluðu að greiða atkvæði með þeim hætti og var þessu því hafnað.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga skv. 6. gr. laga félagsins til eins árs.

Skoðunarmenn reikninga verða:

Eiríkur Bjarki Eysteinnsson og Birna Þórðardóttir.

8. Kosning nefnda í eitt ár.

Uppstillinganefnd:

Ásdís Óskarsdóttir, Ingibjörg Samúelsdóttir og Kristjana Ósk Hjaltadóttir

Orlofsnefnd:

Elísabet Sævarsdóttir og Guðmundur Birgisson

Starfsmenntunarsjóður:

Ásdís Óskarsdóttir og Ingibjörg Samúelsdóttir

9. Ákvörðun félagsgjalda.

Samþykkt að hafa félagsgjöldin óbreytt.

10. Kosning fulltrúa á þing B.S.R.B er vísað til stjórnar.

11. Önnur mál.

Karvel Gränz tók til máls og vildi að félagsmenn sem eru komnir á eftirlaun hefðu lengri rétt til styrkja úr sjóðum félagsins en til 6 mánaða. Kynna þyrfti betur réttindi starfsmanna til styrkja og fór yfir hugmyndir um hlutverk stjórnar og hverjir ættu rétt á að sitja í stjórn félagsins.

Fram kom að félagsmenn sem eru komnir á eftirlaun geta sótt um orlofshús félagsins.

Kristín Eyjólfsdóttir óskaði eftir að stjórnin kynnti sig.

Hafsteinn Ingibergsson fór yfir hugmyndir hans um hlutverk og skipun stjórnar og vildi m.a. að kjaramál væru rædd meira á stjórnarfundum.

Stefán Ólafsson þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og óskaði nýjum formanni til hamingju með kosninguna og velfarnaðar í starfi.

Ástríður Sigbórsdóttir þakkaði fundarmönnum góða kosningu og sagði að kjaramálin væru henni ofarlega í huga, enda þyrfti að fara að huga að gerð nýrra kjarasamninga. Hún benti á að Starfsmannafélagið væri með samkomulag við BSRB um styrki til félagsmanna og þyrfti því að lúta þeim reglum sem þar væru settar varðandi rétt til styrkja og upphæð þeirra. Eins benti hún félagsmönnum á að orlofshúsin væru eign félagsmanna og mikilvægt væri að huga vel að þeirri fjárfestingu.

Halla Þórhallsdóttir ritaði fundargerðina.